



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Reglur um refa- og minkaveiði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Almennt

Reglur þessar gilda um veiðar á refum og minkum innan sveitarfélagamarka Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Byggjast reglur þessar á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og annarra reglugerða sem settar eru skv. þeim lögum, einkum reglugerð um refa- og minkaveiði nr. 437/1995, með síðari breytingum. Um umgengni á veiðisvæðum gilda lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands nr. 528/2005, auk annarra settra reglugerða um viðlíka efni.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur ræður veiðimenn til refa- og minkaveiða innan sveitarfélagamarka hreppsins og gerir við þá skriflega samninga. Sveitarfélagið birtir upplýsingar um ráðna veiðimenn á heimasíðu sinni. Ráðnir veiðimenn skulu hafa gilt veiðikort og gilt skotvopnaleyfi

Ráðnir veiðimenn refa- og minka skulu hafa samband við landeigendur áður en þeir fara yfir svæði sé það í einkaeign. Ekki er greitt fyrir veidd dýr á landareignum þar sem ekki var fyrir leyfi landeiganda.

Veiðimanni við refa- og minkaveiðar er óheimilt að veiða úr ökutæki, sbr. 4. mgr. 21. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Þá refi og minka sem nást lifandi skal aflífa á sem skjótvirkastan hátt.

Refaveiði

Refaveiði/Grenjaveiði:

Grenjaveiðitímabilið er frá 1. maí til og með 31. júlí ár hvert.

Veiðimaður sem sveitarfélagið gerir samning við skal sjálfur koma sér upp búnaði til veiðanna. Búnaðurinn skal ekki brjóta í bága við lög og reglugerðir. Eingöngu er heimilt að nota skotvopn sem úr má skjóta fríhendis frá öxl. Heimilt er þó að nota gildru af viðurkenndri gerð til að ná tófuyrðlingum við greni en sé komið upp gildrum skal það gert þannig að fólki og öðrum dýrum stafi sem minnst hætta af. Ekki skal yfirgefa greni á meðan gildra er virk.

Miðað er við að veiðimaður fari amk mánaðarlega á veiðitímabilinu í grenjaleit.

Veiðimaður skal ganga vel um greni og skilja þar ekkert rusl eftir. Óheimilt er að eyðileggja greni.

Einungis veiðimönnum sem eru með samning við sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahrepp er heimilt að veiða á grenjatímabilinu. Þó er bændum og æðaræktendum eða aðilar á þeirra vegum heimilt að skjóta ref sem búfenaði þeirra eða æðavarpri stafar bein hætta af. Skal viðkomandi tilkynna ráðnum veiðimönnum slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur greiðir einungis samningsbundnum veiðimönnum fyrir veiðar á ref.

Við grenjaleit skal veiðimaður fara á þekkt grenstæði sem einhverjar líkur teljast á að tófa leggi í það árið.

Skila skal skottum af unnum dýrum ásamt fullnægjandi fylgigögnum á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 10. september ár hvert.

Vetrarveiði/hlaupadýr:

Veiðitímabil á hlaupadýrum er frá 1. ágúst til 30. apríl ár hvert. Heimilt er að skipuleggja minkaveiðar á öðrum árstímum.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur greiðir einungis samningsbundnum veiðimönnum fyrir veidd hlaupadýr á tímabilinu.

Veiðimaður sem sveitarfélagið gerir samning við skal sjálfur koma sér upp búnaði til veiðanna. Búnaðurinn skal ekki brjóta í bága við lög og reglugerðir.

Vanda skal til verka við útburð ætis. Leitast skal við að hafa hæfilega vegalengd á milli staða þar sem æti er borið út og skal frágangur ætis valda öðrum þeim sem fara um svæðið sem minnstum ama. Veiðimenn skulu fjarlægja æti og hreinsa leifar þess fyrir 30. apríl ár hvert.

Áður en æti er lagt út skal hafa samráð við aðra veiðimenn og landeigendur.

Veiðimanni ber að skila inn skottum og og fullnægjandi veiðiskýrslum á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 10. september ár hvert. Á veiðiskýrslum skal koma fram veiðidagur, veiðitími, veiðiaðferð, kyn og litur dýrs.

Minkaveiði

Veiðitímabil á minkum er á tímabilinu 20. apríl til 30. júní. Heimilt er að skipuleggja minkaveiðar á öðrum árstímum.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur greiðir einungis samningsbundnum minkaveiðimönnum fyrir veidda minka á tímabilinu.

Ráðnir minkaveiðimenn skulu leita meðfram ám, vötnum og við varplönd þar sem líklegt telst að minkabæli finnist.

Skylt er að ganga frá minkabæli þannig að ekki hljótist landspjöll af. Varast skal þó að moka þau upp ef kostur er.

Veiðimaður sem sveitarfélagið gerir samning við skal sjálfur koma sér upp búnaði til veiðanna. Við minkaveiðar er heimilt er að nota gildirur, ljósgjafa og hunda til þess að hlaupa uppi bráð. Séu gildirur lagðar fyrir mink skal þannig um þær búíð að fólk og öðrum dýrum stafi ekki hætta af. Einungis skal notast við gildirur sem hlotið hafa samþykki og eru í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Búa skal þannig um gildirurnar að minkurinn láti lífið á sem skjótastan hátt.

Veiðimaður skal vitja gildra amk. fjórum sinnum yfir veiðitímabilið.

Skila skal skottum af unnum dýrum ásamt fullnægjandi fylgigögnum á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 10. september ár hvert.

Skil á gögnum

Veiðimanni ber að halda skrá (nafn grenis og GPS hnitsetning grenis) yfir þekkt greni og minkabæli og uppfæra hana ef ný greni eða minkabæli finnast. Að samningstíma loknum skal veiðimaður afhenda sveitarfélaginu skrána. Sé gerður samningur við nýjan veiðimann skal sveitarfélagið afhenda honum grenja- og minkaskrá fyrir sveitarfélagið.

Veiðimaður skal skila inn skottum af unnum dýrum ásamt fylgigögnum til skrifstofu sveitarfélagsins. Notast skal við sérstakar bækur eða skýrslublöð frá Umhverfisstofnun, eða sambærileg eyðublöð, sem halda utan um allar upplýsingar varðandi veiðina. Þar skal koma fram veiðidagur, veiðitími, veiðiaðferð, kyn og litur dýrs. Veiðimaður skal halda skrá yfir hvar dýr var veitt til að hægt sé að átta sig á fjölda refa og minka á svæðinu. Skila skal öllum skottum úr hverju greni og minkabæli fyrir sig í sér plastpoka ásamt merkingum um hvar grenið eða minkabælið var staðsett.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Greiðslur

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps ákveður við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár, hámarksupphæð til refa- og minkaveiða.

Einungis sammingsbundnum veiðimönnum er greitt fyrir veiðar á ref og mink.

Greiðslur fyrir veiði fara ekki fram fyrr en framangreindum gögnum, uppfærðri grenjaskrá, skýrslu um grenjaleit, sundurliðuðum reikningum vegna veiðanna og skottum af unnum dýrum hefur verið skilað til sveitarfélagsins. Séu skil á skýrslum eða önnur atriði ekki fullnægjandi eða ekki í lagi verður ekki greitt fyrir veiði.

Verðlaun fyrir unna refi (verð eru án vsk):

Fullorðnir refir:	16.910 kr.
Yrðlingar:	6.340 kr.
Vetrarveiði/hlaupadýr	19.603 kr.

Verðlaun fyrir unna minka (verð eru án vsk):

Minkar:	5.181 kr.
---------	-----------

Upphæð verðlauna fyrir unna refi og minka uppfærast skv. vísitölu neysluverðs í ágúst ár hvert. Grunnvísitala er neysluverðs vísitala í ágúst 2023, 597,8 stig.

Grenjaleit:

Ráðnir veiðimenn í Skeiða- og Gnúpverjahreppi skulu fá greitt fyrir grenjaleit refa og er greidd föst verktakagreiðsla, 139.782 kr. (verð án vsk) á mánuði frá 1. maí til og með 31. júlí ár hvert, auk verðlauna fyrir veidd dýr. Fjárhæðina skal endurskoða í maí ár hvert og tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs, Verð miðast við grunnvísitölu í júní 2023, 595,6 stig.

Minkaveiði:

Ráðnir veiðimenn í Skeiða- og Gnúpverjahreppi skulu fá greitt fyrir leit að minkabæli og að leggja út og vitja minkagilda. Greidd er föst verktakagreiðsla, 259.697 kr. (verð án vsk) fyrir hvert ár, auk sem nemur 600 km. akstri greiddum samkvæmt akstursgjaldi ákvörðuðu af Ferðakostnaðarnefnd ríkisins, auk verðlauna fyrir veidd dýr. Fjárhæðina skal endurskoða í maí ár hvert og tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Verð miðast við grunnvísitölu í september 2023, 599,9 stig.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 24. janúar.2024